



Fundargerð

Fundur umdæmisstjórnar haldinn 5.sept. 2023 kl.17 heima hjá umdæmisstjóra. Mættar voru Sigríður umdæmisstjóri (s: 863 7133), Jóhanna ritari (s: 897 2862) Ragnhildur gjaldkeri (s: 899 7254) og María viðtakandi umdæmisstjóri (s: 863 9103). Ágústa fráfarandi umdæmisstjóri (s:895 5668) boðaði forföll.

- Búið er að tímasetja heimsóknir umdæmisstjóra til klúbbanna, sem er eftirfarandi;

- IW Görðum	27.sept.	kl.17:30	í Víðistaðakirkju
- IW Selfoss	10.okt.	kl.18:30	Tryggvaskáli
- IW Reykjavík	11.okt.	kl.12:00	Hótel Holt
- IW Kópavogur	11.okt.	kl.19:00	Catalina, Hamraborg 11
- IW Keflavík	17.okt.	kl.18:30	KEF Restaurant, Vatnsnesvegi
- IW Hafnarfjörður	18.okt.	kl.18:30	Kænan Hafnarfirði
- Ákveðið að kynna Alþjóðáþing IW í maí á næsta ári og mun umdæmisstjóri kynna dagskrá, kostnað og fleira og hvetja konur til að mæta á þingið, sem verður í Manchester á Englandi. Umdæmisstjóri mun svo skila eftir hjá klúbbum samantekt um þingið, sem síðan verður rætt betur á Haustfundi IW sem haldinn verður í Skíðaskálanum í Hveradölum 28.okt. nk. Rætt um skilaboð til klúbbanna og mun umdæmisstjóri leggja áherslu á vináttuna, auk þess sem stefnt er að því að ræða fyrirkomulag styrkveitinga klúbbanna og fleira.
- Ákveðið að ritari muni senda forsetum klúbbanna bréf, þar sem einkunnarorð ársins „Shine a light“ verður kynnt. Einnig verða klúbbar minntir á Haustfund IW sem haldinn verður 28.okt. Forsetar og félagar verða einnig minntir á samþykkt frá Umdæmisþingi sl.vor, þar sem klúbbar eru hvattir til að samþykkja formlega að færa ýmiss gögn IW á Þjóðskjalasafn til varðveislu.
- Gjaldkeri mun senda klúbbum bréf vegna greiðslu gjalda til Umdæmisins. Gjaldið verður nú 5.000 krónur á greiðandi félaga klúbbanna skv. samþykkt frá Umdæmisþingi sl.vor.
- Ákveðið að umdæmisstjóri panti nýjan fót undir fána IW tímanlega fyrir Haustfund í október
- Stefnt að stjórnarfundir verði fyrsta þriðjudag í mánuði. Umdæmisstjóri mun ræða við Ágústu fráfarandi umdæmisstjóra vegna fundatíma, þannig að hún geti sleppt því að mæta á fundina en þess í stað verið á fundunum í gegnum tölvu, auk þess sem hún fái allar fundargerðir.
- Ákveðið að ræða endanlega formlega dagskrá haustfundar á stjórnarfundi í október
- Næsti fundur stjórnar verður haldinn á heimili umdæmisstjóra 3.okt. nk. kl.17:00. Ritari mun senda póst nokkrum dögum fyrr til að minna stjórnarkonur á fundinn.

Þegar fundi lauk bauð umdæmisstjóri stjórnarkonum uppá ilmandi og bragðgóða kjötsúpu.

Fleira ekki gert og fundi lauk um kl.19:00

Jóhanna Róbertsdóttir